

Nd.

29. Frumvarp til laga

um talstöðvar í íslenskum skipum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Hvert íslenskt skip, sem er 15 rúmlestir eða stærra, skal hafa talstöð, nema því beri skylda til að hafa fullkomlega starfrækta loftskýtastöð.

2. gr.

Afl stöðvanna skal ákveða með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum landssímastjóra og Slysavarnafélags Íslands.

3. gr.

Talstöðvarnar skulu vera eign landssímans og leigðar af honum til skipanna, og ber honum að sjá um, að ætíð séu fyrirliggjandi nægar stöðvar.

4. gr.

Landssíminn skal taka í leigu eftir stöðvarnar gjald, er ákveðið er fyrir eitt ár í senn og miðað við, að landssíminn sleppi skaðlaus. Leigan skal ákveðin af matsnefnd, er í eigi sæti landssímastjóri, fulltrúi frá Slysavarnafélagi Íslands og fulltrúi frá Fiskifélagi Íslands.

5. gr.

Talstöðvarnar skulu undanþegnar afnotagjaldi til ríkisútvarpsins.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu stöðvanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Öllum ber saman um, að eitthvert bezta öryggi gegn slysum á sjónum sé, að skipin geti látið heyra frá sér, ef eitthvað verður að. Mörg dæmi mætti nefna, þar sem hjörgun skips og áhafnar hefir verið efalítið eingöngu því að þakka, að í tíma var hægt að kalla á hjálp. Almennur áhugi er nú vaknaður meðal sjómanna fyrir því að fá talstöðvar í fiskibátana. Nokkuð treglega mun hafa gengið að fá talstöðvar leigðar hjá landssímanum, og mun það hafa tafið þetta nauðsynjamál nokkuð. Erfiður fjárhagur margra útvegsmanna mun og hafa dregið úr þeim að leggja í þann kostnað, sem af uppsetningu og starfrækslu talstöðvanna hefir leitt. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að kostnaður verði færður niður svo sem unnt er og afnotagjald til útvarpsins algerlega fellt niður. Ennfremur má geta þess, að eitt váttryggingarfélag. Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, hefir runnið á vaðið og ýtt undir, að talstöðvar kæmu í sem flesta Vestmannaeyjabáta, með því að heita lánnum til greiðslu stofn-
kostnaðar af uppsetningu talstöðvanna og ennfremur með því að sjá um tryggingu talstöðvanna endurgjaldslaust. Þess er að vænta, að önnur váttryggingarfélög taki sér félag þetta til fyrirmyndar, og ætti þá uppsetning og starfræksla talstöðvanna að koma létt við útgerðina hvað kostnaðinn snertir.